

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–2.000 lítra	kr.	18.820	pr. þró
Rotþró 2.001–4.000 lítra	kr.	23.190	pr. þró
Rotþró 4.001–6.000 lítra	kr.	25.340	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	6.400	pr. m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega samkvæmt reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald sem nemur raunkostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á 396. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 18. nóvember 2025, með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1524/2024.

Húnaþingi vestra, 8. desember 2025.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 11. desember 2025